



**SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM**

Skógarbraut 945 · 235 Reykjanesbær · Kt. 640479-0279
Sími: 420-3288 · Netfang: sss@sss.is

Alþingi – nefndasvið
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10

101 REYKJAVÍK

Reykjanesbær 23. maí 2019

Efni: Bókun stjórnar S.S.S. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, þingskjal nr. 1236 – mál 776.

Fyrir Alþingi Íslands liggur fyrir frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, er snúa að stjórn veiða á makríl.

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum vekur athygli á því að veiðar og vinnsla á l makríl skipta miklu máli fyrir atvinnulíf á Suðurnesjum. Gera má ráð fyrir því að um og yfir 200 manns hafi atvinnuvinnu á svæðinu á hverju veiðitímabili.

Veiðar og vinnsla á makríl skiptir því bæjarfélögin á Suðurnesjum miklu máli, ekki síst nú í ljósi atvinnuleysis á Suðurnesjum. Eftir gjaldprot Wow Air hefur atvinnuleysi aukist og er nú 6,6% á Suðurnesjum meðan að landsmeðaltal er rúmlega 3,5%.

Stjórn S.S.S. leggur því mikla áherslu á að breytingar á frumvarpinu í meðferð Alþingis verði ekki til þess að enn fleiri einstaklingar á Suðurnesjum missi atvinnu sína.

Virðingarfyllt,
f.h. Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum

Berglind Kristinsdóttir
framkvæmdastjóri